



Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, mál nr. 405**

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Samtök sprotafyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Samtökin fagna því sem fram kemur í frumvarpinu um að framlengja gildistíma laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Þessi lög hafa fyrir löngu sannað gildi sitt bæði til uppbyggingar fyrirtækjanna auk þess að stuðla að jákvæðu greiðsluflæði fyrir ríkissjóð. Frá því var greint með skýrum hætti í umsögn samtakanna um breytingartillögur við lögini á árinu 2013. Í því ljósi telja samtökin að kominn sé tími til að gefa lögunum varanlegan gildistíma án sjálfkrafa niðurfellingar eins og kveðið er á um í gr. 17 í núgildandi lögum og halda á við skv. gr. 7 frumvarpsins.

Samtökin styðja þá einföldun í orðalagi sem fram kemur í 2. 5. og 6 gr. frumvarpsins og þá breytingu í gr. 3 að færa umsóknarfrestinn aftur um einn mánuð frá 1. september til 1. október, m.a. vegna samræmingar við umsóknir í Tækniþróunarsjóð sem þarf að skila 15. september.

Samtökin gera hins vegar athugasemd við fyrirhugaða breytingu í 4. gr. grein frumvarpsins um að hækka lágmarkskostnað (þróskuld) verkefna úr einni milljón kr. í fimm milljónir kr. Skv. 5. gr. laganna. Á fundi Samtaka sprotafyrirtækja var bent á að þessi breyting kæmi fyrst og fremst niður á minnstu fyrirtækjunum, sem væru að feta sín fyrstu skref á þróunarbrautinni. Samkvæmt upplýsingum frá Rannís hefðu 45 verkefni sem fengu stuðning á síðasta tímabili fallið á þessari kröfu ef hún hefði verið til staðar á þessu tímabili. Heildar endurgreiðsla vegna þessara verkefni hefði verið 20-30 milljónir króna. Af heildar endurgreiðslu upp á um einn milljarð króna væri þetta ekki hátt hlutfall. Í því sambandi er rétt að minna á að ríkissjóður er í jákvæðu greiðsluflæði af þessu stuðningsfyrirkomulagi skv. könnun sem kynnt var á Nýsköpunartorgi í maí. Með öðrum orðum – þeim mun fleiri fyrirtæki sem við náum að hvetja til dáða með þessum „stuðningi“ – þeim mun meiri fjármunir í ríkissjóð. Spurningin sem eftir stendur – hver eru rökin fyrir að hækka þennan þróskuld? Er ekki betra að hvetja litlu fyrirtækin til dáða og hjálpa þeim þannig að koma á betra skipulagi um þróunarstarf sitt og stækka hraðar? Samtökin leggja því til að 5. gr. laganna standi óbreytt.

Samtökin benda að lokum á mikilvægi þess að þetta frumvarp verði að lögum áður en núgildandi lög fella sig sjálf úr gildi um næstu áramót samkvæmt 17. gr. laganna og að tekið verði tilliti til framangreindra athugasemda.

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka sprotafyrirtækja